

Fundarefni:	Stjórnarfundur stjórnar foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	28.11.2012
Fundarmenn:	Anna, Hörður, Berglind, Sigurður, Selma, Brynhildur
Fjarverandi:	
Ritað af:	Erna Arnarsdóttir

Fundargerð

1. Fundur settur

Anna setur fund kl. 19:50

2. Endurmat á Desemberfjóri FFÁlfhól

Mikil ánægja með Desemberfjör. Betur sótt en í fyrra. Von er á ítarlegri skýrslu frá nefndinni varðandi innkaupa magn vs. selt magn, verð og skiptimyntamál og aðra þætti er varða tæknimál.

3. Fréttir af fundum sem að stjórnarmeðlimir FFÁlfhól hafa sótt á liðnum mánuði: Haustfundur Samkóps, Vinafjölskyldur og Samráðsfundur Samkóps um foreldrarölt í Kópavogi.

Þrjár fundir hafa verið haldnir frá síðasta fundi stjórnar:

Samkóp: Sérkennslufulltrúi Kópavogs kynnti nýja aðalnámsskrá og hvernig skólar í Kópavogi eru staddir. Innleiðingu hennar lýkur í Kópavogi haustið 2014. Selma og Sigurður mættu á fundinn frá foreldrafélagi Álfhólsskóla. Hægt að kynna sér nýja aðalnámsskrá: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Vinafjölskylduverkefni: Sigurður og Kristjana bekkjarfulltrúi fóru á fund með stöllum í Vesturbænum til að koma þessu verkefni af stað í Álfhólsskóla. Það kom fram að þetta er samstarf milli foreldra og foreldra ekki foreldra og skóla. Niðurstaðan sú að byrja að reyna þetta í 2. bekk. Tala þá við þá sem eru í 1. bekk núna. Kanna þarf áhuga í þessum bekkjum. Mikilvægt að fá

bekkjafulltrúa með í þetta. Hugmyndin að kalla til fundar í þessum bekkjum, strax eftir áramót og reyna að setja verkefnið í gang.

Röltfundur Samkóp: Farið yfir foreldrarölt í Kópavogi og hver staðan er.

Stefnan að halda 3 fundi. Næsti fundur mun snúast um stöðuskýrslur frá

skólum. Hefur gengið ágætlega að manna rölt hjá Álfhólsskóla í vetur.

Lögregla benti á að mikið af börnum úr Kópavogi fara í Breiðholtið og hanga

þar. Lögregla vakti einnig athygli á því hvað unglingar bera litla virðingu fyrir

lög og reglu og lögreglu og mikilvægi þess að foreldrar ali upp virðingu og betri siði hjá börnum sínum.

Hugmynd um að hafa umbun fyrir bestu mætinguna til þess að hvetja til meiri þátttöku. Umræður um fyrirkomulag rölts.

ÍTK: Er að opna nýja síðu www.fristundir.is

4. Fyrirhugaður fræðslufundur fyrir foreldra 5. og 8. bekkjar

Eftirfarandi munu vera með kynningu sem haldin verður tvö kvöld í röð:

- Benedikt, nýr sálfræðingur við skólann
- Berglind námsráðgjafi
- Hjúkrunarfræðingur
- Margrét í Pegasus

5. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt

6. Styrkbeiðnir til stjórnar.

Ein styrkbeiðni kom í síðasta mánuði. 9. Bekkur sótti um styrk til Laugaferðar 80.000 kr og var það samþykkt.

7. Önnur mál

- Vantar eftirmann röltstjóra í röltnefnd FFÁlfhól-
- Vantar bekkjafulltrúa í 10. DÁ – Helga Björg Steingrímsdóttir
- Fyrirlestur um einelti: Sigurður kannaði það hjá Heimili og skóla og sögðust þeir vera með fólk á sínum snærum í að halda slíka fyrirlestra. Þarf að fá kostnað og slíkt á hreint. Sigurður hringir og kannar það.
- Gera þarf verklagsreglur við afgreiðslu stjórnar á styrkbeiðnum til þess að gæta samræmis. Berglind ætlar að útbúa grind að þessu og koma með hana á næsta fund stjórnar.

- Næstu fundartímar 2013: 14. janúar, 5. Feb, 6. mars, 11. apríl.
- Útvega þarf jólasvein fyrir jólaball skólans. www.jolasveinar.is . Þetta er 19. Og 20. Desember. Kanna þarf nánar á hvaða tíma þeir eiga að koma. Fá 2 stk. jólasveina. Brynhildur ætlar að skoða þetta mál.
- Afleysing fyrir ritara meðan á fjaveru hans stendur í janúar og hluta febrúar. Boða þarf varamann formsins vegna.

8. Fundi slitið

Kl. 22.05